

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Í samantekt þessari má sjá samantekt um nokkra fasta punkta í starfi skólans. Ber þar helst að nefna ferðalög og árshátíðir sem alltaf eru nokkuð spennandi og fylgir tilhlökkun þeim undirbúningi. Hér má einnig finna yfirlit annars daglegs starfs sem hefur áhrif á daglegt skólastarf án þess að vera endilega alltaf mikið til umræðu. Í þessum köflum sem má segja að séu leiftur af starfi vetrarins er minnst á það sem vel heppnaðist og það sem betur Fyrst og fremst eru þetta þó upplýsingar um starfið. Samantekt um það sem betur mætti fara og leiðir að því marki má finna í sjálfsmatsskýrslu og svo í umbótaáætlun.

Trostan Agnarsson

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Árshátíð yngsta- og miðstigs: Áfram Latibær

Árshátíð yngsta- og miðstigs var haldin fimmtudaginn 27. apríl 2025.

Að þessu sinni settu nemendur upp leikritið Áfram Latibær! í heild sinni en yngsta stig steig á svið fyrri hluta sýningarinnar og miðstig seinni hlutann, sýningin var 70 mínútur. Leikstjórar voru Hrund Malín Þorgeirsdóttir á yngsta stigi og Íris Olga Lúðvíksdóttir á miðstigi. Skólahópur tók þátt í uppsetningunni sem hópur íþróttaálfa, enda hópurinn hluti af ýmsu starfi yngsta stigs á þessu skólaári.

Sýningin var haldin í Miðgarði og vakti mikla lukku, bæði hjá nemendum og starfsfólki. Þar sem um eitt verk var að ræða gátum við samnýtt sviðsmynd, tónlist og búninga milli stiga, sem var öllum til góðs: nemendum, starfsfólki og ekki síður áhorfendum. Þuríður Helga Jónasdóttir, smíðakennari, hélt utan um sviðsmynd í samráði við leikstjóra. Lýsing og hljóð var í höndum Írisar Olgu og nemenda unglingastigs sem öxluðu mikla ábyrgð og stóðu sig vel. Búningar voru í höndum nemenda og foreldra, einnig fengum við lánað hjá Leikfélagi Sauðárkróks.

Æfingar í Miðgarði fóru fram í fimm daga en fyrir það var handrit lesið og atriði æfð í skólanum í 1-2 vikur. Nemendur miðstigs tóku þátt í að skrifa handrit og heimfæra það að 21. öldinni.

Afraksturinn var glæsileg sýning, stútfull af dansi og söng. Nemendur stóðu sig gífurlega vel, studdu hver annan og lærðu mikið í framsögn og framkomu á sviði.



Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025



Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025



Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Byrjendalæsi

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var notuð í 1.-4. bekk. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta, í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphafslega textans.

Hvert þema, sem stendur í mislangan tíma, allt frá einni viku upp í ca. þrjár, hófst á lestri sögubókar. Notaðar voru vinsælar barnabækur og námsbækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta. Fjölbreyttir textar voru notaðir; sögur, ævintýri, þjóðsögur, ljóð og fræðitextar svo eitthvað sé nefnt. Unnið var með lykilorð upp úr bókinni og nemendum 1. bekkjar voru kenndir tveir stafir úr lykilorðinu. Lykilorðið var klippt í sundur og því raðað saman aftur og fundin orð í orðinu. Stafainnlögn var markviss, 2 stafir í viku. Nemendur unnu með stafi vikunnar, lærðu að skrifa þá, unnu með þá í frauðstöfum og með stafaöskju svo eitthvað sé nefnt.

Bókin sem unnið var með hverju sinni, var ýmist lesin í heild í byrjun viku eða lesin í bútum alla vikuna. Ýmiskonar verkefnavinna með textann tók svo við s.s. spil, krossgátur, stafasúpur, orðasúpur, sóknarskrift eða paraskrift. Stundum var unnin stöðvavinna en einnig var unnið í hópum, pörum eða einstaklingslega. Í lok þemavinnu unnu nemendur lokaverkefni t.d. leikrit, söguveg, bók í Book Creator, veggspjöld, margvísleg myndverk og þar fram eftir götunum. Lögð var áhersla á sköpun og úrvinnslu textans. Þá gafst nemendum tækifæri að sýna hvað þeir höfðu lært. Bók vikunnar var samþætt verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði og þá unnum við gjarnan með hana í tvær vikur samfellt.

Oft voru markmið í verkgreinum tengd vinnu Byrjendalæsis en þá tengdist það listsköpun nemenda í lokaverkefnum tengdum bók vikunnar. Nemendur unnu í hefðbundnum vinnubókum samhliða Byrjendalæsi. Nokkuð var um stór sameiginleg hópverkefni, þar sem afraksturinn var veggspjald eða eitthvað annað sýnilegt.

Formlegri stafainnlögn 1. bekkjar lauk undir vorið. Samhliða Byrjendalæsisvinnu á yngsta stigi, var unnið með almenn málfræðiatríði, stafsetningu og skrift.

Nemendur lásu í heimalestrarbókum alla virka daga. Við nýttum okkur skráningarforritið Læsi, þar sem bæði heimalestur og skólalestur var skráður. Heimavinna nemenda var aðallega í formi lesturs en einnig var einhver ritun samhliða, orðavinna og sögugerð. Annað heimanám var lítið en tilfallandi.

Ekki var annað að sjá en að nemendur hefðu gaman af Byrjendalæsi og þeim vinnubrögðum sem þar er beitt.

Birgitta Sveinsdóttir, Helga Sjöfn Pétursdóttir og Hrund Malín Þorgeirsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Danmerkurferð 10. bekkjar

Farið var til Kaupmannahafnar þann 26. maí og komið aftur til Keflavíkur þann 29. maí. Með í för ásamt 10. bekkjum, 10 talsins, voru Ólafur Atli Sindrason umsjónarkennari og Helga Rós Sigfúsdóttir.

Að þessu sinni tvinnaðist ferðin saman við Skólahreystiferð 7.-9 bekkjar og því var lagt af stað áleiðis til Rvk. að morgni laugardags þann 24. maí. Um þann hluta ferðar má lesa í skýrslu þar um.

Að áliðnum sunnudegi þann 25. maí skildu leiðir 10.bekkjara og ferðafélaga. Farið var í Kringluna til að drepa tímann áður en haldið var til Njarðvíkur í gistingu. Í Kringlunni fengu nemendur sér eitthvað til næringar auk þess að fara á tæplega þriggja tíma langa bíómynd - sem með sanni má segja að hafi verið “góð” tímaeyðsla. Að kvöldi sunnudagsins var svo haldið til Konvín hótels í Njarðvík og gengið þar til náða. Að morgni mánudagsins var síðan haldið með hótelskutlu á flugvöllinn.

Öll ferðin var greidd af nemendum sjálfum – sem með mismiklum dugnaði en góðu skipulagi, ásamt dyggilegum stuðningi foreldra sinna og samfélagsins alls, söfnuðu fyrir ferðinni. Undantekningalítið var nemendum mjög vel tekið þegar þeir leituðu stuðnings nærsamfélagsins. Flogið var út með Icelandair en að þessu sinni ekki pöntuð sæti þannig að við værum saman í vélinni, en ekki út um alla vél eins og stundum hefur verið. Þrátt fyrir að því fylgi aukakostnaður þá er ákveðið öryggi í að við séum öll saman og einnig meiri ánægja fyrir nemendur. Þess vegna mælum við með því að þetta verði gert næstu ár, ef nægur peningur safnast.

Gist var á Cabinn Copenhagen hóteli í nokkru röltfæri við aðalbrautarstöðina. Að sumu leyti kemur það ekki að sök þar sem finna má strætó sem gekk frá hótelinu og að Tívolíinu en einnig var þetta ekki nema rétt um kílómetra gangur. Aðstaðan á hótelinu var góð, herbergin nokkuð rúmgóð og góður morgunmatur. Gott væri þó að skoða næsta hvort frekar sé laust á Cabinn city, þar sem að staðsetningin er þægilegri og umfangið minna.

Nemendur skoðuðu söfn í Kaupmannahöfn m.a. Experimentarium, Ripley's (furðusafnið), Stríðsminjasafnið ofl.. Einnig var farið í síkjasiðing, Tívolí og Bakken, ásamt veitingahúsum að ógleymdu Stríkinu.

Ferðin þótti takast mjög vel, þrátt fyrir nokkur veikindi nemenda í ferð - og voru nemendur og kennarar mjög ánægðir þegar heim var komið - um kl. 18.00 þann 29. maí. Það var þreyttur en nokkuð sáttur hópur sem skilaði sér heim í Skagafjörð á miðnætti þann 29. maí.

Gildi slíkra ferða þarf vart að tíunda. Þó svo að flestir nemendur hafi ferðast til útlanda og séu vanir ferðalögum er alltaf gaman að ferðast í góðum hópi undir leiðsögn staðkunnugra. Að ferðast til annarra landa opnar huga nemenda fyrir því sem ólíkt er hinu vanalega á heimaslóðum, gerir nemendur víðsýnni og þroskar með þeim alþjóðlega samfélagsvitund. Slíkt ber ekki að vanmeta – þó svo skemmtigildi ferðanna sé auðvitað það sem nemendur einblína fyrst og fremst á.

Ólafur Atli Sindrason og Helga Rós Sigfúsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Félagsmál

Félagsmál fóru hægt af stað þennan vetur. Starfið hófst ekki fyrr en í nóvember. Hér að neðan má sjá hvaða daga var dagskrá.

14. nóv. til klukkan 18:00, dagskrá í íþróttahúsi og í skóla
28. nóv. til klukkan 18:00, dagskrá í íþróttahúsi og í skóla
30. jan. til klukkan 18:00, dagskrá í íþróttahúsi og í skóla
13. feb. til kl. 20:00, dagskrá í íþróttahúsi og í skóla. Matur í skóla.
27. feb. til kl. 20:30, spurningakeppni og dans. Matur í skóla.
27. mars. til kl. 20:30, íþróttahús, dans og matur.

Á dagskrá er að fjölga viðburðum á næsta vetri og bjóða þá gestum og úr nágrannaskólum. Mæting var almennt góð, en dagskrá þessi var fyrir nemendum í 7.-10.bekk. Starfsfólk skiptist á að taka þátt í félagsmálum með nemendum, en auk þess kom að jafnaði einn starfsmaður úr Húsi frítímans þegar dagskrá var hér í skólanum. Heimakstur var eftir dagskrá héðan og var hann alla jafna vel nýttur. Einnig kom til tals að færa samkomur þessar yfir á annan vikudag. Alla jafna hafa þessar samkomur verið á fimmtudögum, en þá daga er oft margt um að vera annars staðar. Ekkert hefur þó verið afraðið í þeim efnum.

Trostan Agnarsson

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta samstarfsverkefni hefur verið með svipuðu sniði milli skólanna í allmörg ár og hefur gengið mjög vel. Allir bekkir skólans fóru í heimsókn í leikskólann. Þar var leikið, lesið og sungið.

Frá lok skólabyrjun til 18. október skiptist skólahópur og 1. bekkur á því að heimsækja hvorn annan. Frá Birkilundi tóku tveir kennarar þátt í starfinu, Sigurbjörg Egilsdóttir og Fanney Friðriksdóttir. Sigurbjörg og Helga Sjöfn kennari 1. bekkjar sáu um undirbúning þessara samverutíma. Fundað var að hausti og lagðar línur fyrir veturinn en síðan höfðu þær samráð sín á milli, yfirleitt með tölvusamskiptum daginn fyrir hitting. Þá var oftast hægt að skipuleggja útiveru og annað með tilliti til veðurspár og annarra aðstæðna. Það var farið saman í gönguferðir, frjálсан leik, spilað, lesnar bækur og leikið í frístund.

Markmiðið með Gaman saman samstarfsverkefninu er að halda félagslegu tengslunum milli nemendahópa skólanna, í ljósi teymis- og samkennslu í Varmahlíðarskóla.

Þann 4. nóvember 2024 fluttist skólahópur upp í Varmahlíðarskóla. Þar var útbúin skólastofu sem fékk nafnið 5 ára deild. Mikill metnaður var lagður í að byggja upp 5 ára deildina. Svanhildur Pálsdóttir var ráðin sem deildarstjóri yfir deildinni og hafði með sér kennarann Eyrúnu Sævarsdóttur og iðjupjálfann Jónínu Guðrúnu Gunnarsdóttur.

Þegar skólahópur færðist yfir í Varmahlíðarskóla ákváðum við að halda áfram að leggja 3 kennslustundir undir starfið á saman tíma og hafði verið, fimmtudaga kl 10:00-11:30. Til skiptist voru hóparnir á 5 ára deildinni eða 1. bekkjarstofunni og þá í frístund líka þar sem skólastofan hjá 1. bekk rúmaði ekki allann hópinn. Einnig var hópnum skipt upp eftir kyni, stelpurnar fengu að leika í frjálsum leik í 5 ára deildinni og meðan strákarirnir fóru út á skólalóð. Viku seinna var skipting og strákarirnir fengu frjálсан leik á 5 ára deildinni og stelpurnar fóru út. Hópurinn prófaði forritinu, stöðvavinnu og fönðraði saman.

Skólahóp var boðið að vera með á ýmsum uppbrotsdögum í Varmahlíðarskóla, s.s. árshátíð yngsta- og miðstigs, öskudaginn þegar rölt var um Varmahlíð og sungið fyrir nammi.

Íþróttatímarnir voru í höndum íþróttakennara, Sigurlínu H. Einarsdóttur. Á mánudögum kl 9:15-09:55 var sameiginlegur íþróttatími. Þeir voru úti framan af hausti. Farið var í leiki uppi á íþróttavelli, gengið um nágrennið og umhverfið skoðað. Þegar kólna tók í veðri, færði hópurinn sig inn í íþróttahúsið. Krakkarnir fóru í klefana í íþróttahúsinu og lærðu að ganga um þá. Það hefur oft tekið langan tíma fyrir sum börn að aðlagast þeim aðstæðum í skólabyrjun. Gekk þetta mjög vel. Fljótlega mættu flest skólahópsbörnin í íþróttafötum innan undir fatnaði og voru eldfljót að fara í gegnum klefana. Íþróttatímarnir voru yfirleitt í formi stöðvavinnu, þar sem reyndi á margvíslega færni, sem og í formi margvíslegra hópleikja.

Við teljum að þetta verkefni hafi gengið mjög vel og hefur mikil gleði fylgt samverunni í vetur.

Helga Sjöfn Pétursdóttir



Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Heilsueflandi grunnskóli

Um langt árabíl hefur verið unnið að því leynt og ljóst að efla líkamlega og andlega heilsu nemenda og starfsfólks skólans. Með sameiginlegu átaki hefur tekist að fá alla til þess að huga allvel að mataræði sínu og hefur gott fordæmi verið sett við skólann með því að hafa fjölbreytilegt fæði sem teljast má hollt og gott. Þó að fæði skipti máli má ekki gleyma því að annað getur haft áhrif á heilsuna og má þar helst nefna hreyfingu og mannleg samskipti.

Í heilsueflandi teymi skólans árið 2024-2025 voru Lína, Unnur, Svanhildur og Þóra Emilía fyrir hönd nemenda voru Halldór fyrir hönd nærsamfélagsins var Bryndís Bjarnadóttir. Kennarar í teyminu funduðu oftast saman en stóra teymið náði því miður ekki að hittast.

Í daglegu starfi urðu nemendur helst varir við starf teymisins á haustdögum, en þá var boðið upp á árlega hreyfidaga með margháttuðum leikjum og æfingum. Dagarnir voru þrír í ár, tveir af þeim voru fram að hádegi. Farið var í hjólaferð fram að Bakkaflöt og í Vallhólma (aldurskipt), farið í ýmsa leiki, máluðu steinunum raðað, loftbolti, klifur, badminton og hoppudýna.

Dansnámskeið var haldið í desemberbyrjun sem endaði með sýningu í íþróttahúsi fyrir foreldra. Skólahlaupið var síðan á óvenjulegum tíma eða í febrúarlök í ágætis veðri, gekk vel og endaði í sundi.

Farið var í rökkurgöngu í Löngumýri, þar sem Gunnar tók á móti okkur sagði okkur stutta sögu og spilaði á gítar og söng með okkur. Boðið var upp á kakó og piparkökur. Lagt var af stað eftir morgunmat og komið til baka fyrir hádegismat.

Lítið svigrúm gafst í vetur til að ná hópnum sama en þrátt fyrir það náði að halda inni föstum atriðum. Nemendur fengu þó fyrirlesara frá SAFT um netöryggi í samvinnu við foreldrafélagið en þau buðu líka upp á fræðslu um sama mál fyrir foreldra.

Búið var að skipuleggja sundferð á vinnutíma fyrir starfsfólk sem varð því miður að fresta út af árshátíð. Farið var í amk tvær stuttar gönguferðir í nágrenni. Almenn ánægja var með framtakið og þyrfti að koma því oftár á dagskrá næsta vetur.

Einn fundartími fór í umræður um geðheilbrigði þar sem einn starfsmaður sagði frá eigin reynslu. Einnig tókum við þátt í geðheilsuátaki sveitarfélags á vordögum, þar sem við hlustuðum saman á fyrirlestra á netinu og ræddum.

Ekkert skipulag var á vordögum þar sem þeir dagar fóru í ferðalög og annað skipulag

Heilsueflandi hópurinn fékk styrk frá Lýðheilsusjóði upp á 300.000 fyrir verkefnið Svefn, næring og andlegur styrkur að vor sem mun nýtast vel næsta haust.

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir
Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Hólar í Hjaltadal – 9. bekkur febrúar 2025

Undanfarin ár hafa 1. árs nemar á hestabraut á Hólum í Hjaltadal boðið nemendum í 9. bekk að koma á námskeið hjá sér - heima á Hólum. Þetta verkefni er hluti af lokaverkefni 1. árs nema og óhætt er að segja að framtakið sé til mikillar fyrirmyndar þar sem metnaður, umhyggja, þolinmæði og áhugi eru í fyrirrúmi.

Nemendur dvöldu að þessu sinni frá þriðjudegi til fimmtudags frá 9:00 að morgni til 15:00 nema á fimmtudag til kl. 13. Nemendur þurftu að vera búnir að borða morgunmat áður en þeir komu í skólann svo hægt væri að leggja strax af stað og ná að Hólum fyrir kl. 9.00 en fengu síðan hádegismat í boði Hólaskóla sem var í aflögðu mötuneyti Hólaskóla.

Nemendum var skipt í hópa eftir kunnáttu og getu á sviði hestamennsku. Verkefnin voru margvísleg, bæði verkleg og bókleg. Einn kennari fylgdi hópnum hvern dag.

Skipulag og fyrirkomulag er til fyrirmyndar og flestir ef ekki allir nemendur hafa verið ánægðir með þessa daga.

Ólafur Atli Sindrason

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

List- og verksýning vorið 2025

Þann 29. apríl kl. 13:00 var opnuð list- og verksýning Varmahlíðarskóla í menningarhúsinu Miðgarði. Fyrir tveim árum var haldin myndlistasýning en í þetta sinn voru líka til sýnis verk nemenda úr smíðum og textíl.

Fyrir áramót talaði undirrituð við þyrey textílkennara og þuríði Helgu smíðakennara um að stefna að sýningu að vori, ekkert þema lægi fyrir heldur mundi sýningin sýna þverskurð af vinnu nemenda á þessum vetri.

Húsverðir (Snorri og Sigga Jóna) tóku afar vel í beiðnina um lán á veggjum og gluggum neðri hæðarinnar og aðstoðuðu á alla lund.



Undirbúningur og framkvæmd

Upp úr áramótum upplýstum við þrír list- og verkgreinakennarar nemendur um sýninguna og minntum reglulega á að verk þeirra færu á sýninguna. Hóparnir voru í öllum tilfellum mjög jákvæðir og ekki laust við að vinnuframlag hjá sumum nemendum yrði markvissara við það að hafa sýninguna að markmiði. Umræður áttu sér stað með hverjum hóp um hvaða verk ættu að fara á sýninguna. Í sumum tilfellum beitti undirrituð alræði, t.d. fannst ekki annað í stöðunni en að lokaverkefni 7. bekkings í myndmennt, dúkristur, fengi sinn sess. 7. bekkungum bauðst svo að leggja til fleiri myndir frá vetrinum, sem nokkrir þáðu. Í öðrum tilfellum komumst við - kennarinn og hópurinn - að sameiginlegri niðurstöðu um hvað ætti heima á sýningunni.



Á unglingastigi var myndlistaval eftir áramót og voru því myndlistaverk eftir nemendur í 8. - 10. bekk á sýningunni, sem vantaði upp á á sýningunni fyrir tveim árum. Eins og þá var efnt til ljósmyndakeppni meðal

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Þriggja elstu bekkjanna en tvennt varð líklegast til að þátttaka var ekki eins góð og síðast. Eftir páskafríið voru einungis örfáir dagar að sýningu og svo fengu nemendur að vita fullseint um keppnina. Þemað í ár var „Upphaf“. Sömu dómamarar og fyrir tveim árum voru fengnir til að velja þrjár bestu myndirnar, ljósmyndararnir Gunnhildur Gísladóttir og Óli Arnar Brynjarsson. Eins og síðast fengu þau allar myndirnar í [Google Photos albúmi](#) og höfðu svo fyrir því að hittast í raunheimum til að rýna í hverja mynd. Gunnhildur skrifaði svo [frétt í Feyki](#). Í verðlaun voru verðlaunamyndirnar framkallaðar á málmplötu hjá Myndun,

fjármagnað af afgangi sem gekk af Erasmus+ styrk.

Mánudaginn 5. maí var sýningin tekin niður enda von á nemendahópum í gistingu í skólanum.



Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2024-2025 var námsráðgjafi í 50% starfi við Varmahlíðarskóla. Helstu verkefni hans voru einstaklingsviðtöl við nemendur og fræðsla í bekkjum um nám og störf, námstækni og framhaldsskólakerfið. Einnig má nefna þátttöku í bekkjarfundum og vinnu með samskipti og hópefli í nokkrum bekkjum. Námsráðgjafi sinnti ráðgjöf við kennara og sat teymisfundi þar sem við átti, auk þess sem hann sat nemendaverndarráðsfundi. Í vetur voru nemendur 5. - 10. bekkjar með einn tíma í stundatöflu sem bar heitið námstækni, sem námsráðgjafi kenndi.

Nemendur 10. bekkjar fóru í heimsókn í FNV ásamt öðrum 10. bekkingum í Skagafirði, skoðuðu skólann, heimavistina, borðuðu mat í mötuneytinu og enduðu á því að fara á stórskemmtilega leiksýningu nemendafélagsins. Kynningarfundur var haldinn í samstarfi við FNV þar sem að fulltrúar FNV kynntu námsframboð og félagslíf skólans. Einnig var Verkmenntaskólinn á Akureyri með rafrænan kynningarfund á vordögum. Þá fóru nemendur í 10. bekk í starfskynningar í vetur en þá gátu nemendur kynnt sér tvö fyrirtæki eða starfsgreinar. Tókust þær kynningar afar vel og voru nemendur mjög ánægðir með þessa daga.

Helga Rós Sigfúsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Öryggisráð 24/25

Öryggisráð kom saman á vordögum þar sem ekki vannst tími til fastra fundarhalda í vetur vegna anna en fylgst var með því sem betur mátti fara og það yfirfarið og lagað. Engin brunaæfing var haldin v/veikinda og fjarveru starfsfólks, en farið í yngri bekk og eins nýtt starfsfólk sýndar flóttaleiðir og hvað á að gera ef kerfið fer í gang. Klárað var að skipta um flóttaleiðaljós og bjöllur. Atvikaskráningar voru í okkar höndum í vetur. Flóttaleið af Bókasafni er ekki fullnægjandi, flóttaleið úr setustofu óvirk vegna framkvæmda, einnig flóttaleið austur úr smíðastofu er ekki fullnægjandi yfir vetrartímann, snjór getur lokað leiðinni. Aldrei varð af brunaæfingu eftir áramót sem er alls ekki nógu gott, það verður að vera eitt af fyrstu verkefnum haustsins. Slökkvitæki yfirfarin. Þurfum meira samtal með stjórnendum t.d fund 1x á önn.

Guðmundur Magnússon
Helga Þ Hjálmarsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Skólahreysti 2024-2025

Í vetur var kennd Skólahreysti í valtímum eins og fyrri ár, mjög góð þátttaka er í valinu og mikill áhugi hjá nemendum að spreyta sig í ýmsum þrautum en auk skólahreystiþrautanna eru æfðar ýmsar þol- og styrktaræfingar. Liðið til að keppa fyrir hönd Varmahlíðarskóla árið 2025 var svo valið með ýmsum tímatökum og útreikningum en það fór svo að Halldór Stefánsson og Iðunn Kolka Gísladóttir urðu hlutskörpust í hraðabrautinni og Sigurbjörg Inga Sigfúsdóttir og Haraldur Hjalti L. Bjarnason voru fulltrúar okkar í hreystiþrautum. Marey Kristjánsdóttir og Friðrik Logi Haukstein fóru sem varamenn. Lagt var af stað í undankeppnina á Akureyri þann 30.apríl og fóru nemendur 7.-10 bekk með sem stuðningslið og voru grænklaedd líkt og fyrri ár. Liðinu gekk mjög vel í undankeppninni sem sýnd var í beinni útsendingu og þegar úrslit voru kveðin upp höfnuðum við í 2.sæti með jafn mörg stig og 1.sætið en þegar við skoðuðum málið betur hefðum við þó átt að lenda í 1.sæti með 1.5 stigum meira en næsta lið. Innsláttarvilla var gerð í hraðabrautinni þar sem við áttum að vera jöfn Fjallabyggð á tíma í 2. til 3.sæti en vorum skráð í 3. sæti í hraðabraut, ekki voru þessi mistök leiðrétt en þar sem Varmahlíðarskóli var með mjög góðan árangur í öllum greinum í undankeppni tryggðum við okkur í úrslit sem einn af uppbótarskólunum 4 og þar með 9.skiptið í röð sem við erum í úrslitum. Eftir undankeppnina á Akureyri skellti hópurinn sér út að borða á Greifann í Pizzahlaðborð áður en haldið var heim. Keppnisliðið hélt áfram að æfa og styrkja sig en það er samt oft erfitt að koma því inn í dagskrána í maí vegna anna í öðrum verkefnum, þau mættu þó á nokkrar auka æfingar á sveitadögum og í beinu framhaldi af skóla auk heimaæfinga. Lagt var af stað í úrslitakeppnina suður með 7.-10.bekk laugardaginn 24.maí þar sem ferðin var einnig nýtt sem skólaferðalag hópsins, grillað var á leiðinni suður farið í sund og svo í Keilu og pizzaveislu fyrir keppnina. Bein útsending var svo kl.19:45 frá Varmá í Mosfellsbæ en stuðningsliðið okkar var ljósbleikt í ár og var ýmislegt sem kom upp úr skúffum og skápum sem gladdi augað auk þess sem skólinn keypti derhúfur á mannskapinn. Skemmst er frá því að segja að liðið okkar stóð sig með stakri þrýði var í efsta sæti eftir hreystiþrautirnar og endaði í 3.sæti í heildarstigakeppninni við gríðarlegan fögnuð áhorfenda en Varmahlíðarskóli hefur ekki áður komist á verðlaunapall í úrslitakeppninni. Keppendur fengu heyrnartól, bikar, og 100 þúsund króna ávísun í nemendasjóð. Gist var í skóla með allan hópinn, farið í ýmsa afþreyingu daginn eftir og svo var 10.bekkur kvaddur en þau voru að leggja af stað í sína árlegu Danmerkurför, við hin hældum svo af stað heim seinnipartinn og vorum komin norður um kl.22. Skólahreystiveturinn hefur verið afar skemmtilegur og nemendur samviskusamir að leggja sig alla fram með gleði og seiglu að vopni. Aðrir bekkir fengu einnig að reyna sig við þrautirnar reglulega og virðist áhugi vera almennur í skólanum.

Sigurlína Einarsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Skólaráð

Skólaráð starfaði sem undanfarin ár við skólann. Eftirtaldir sátu í ráðinu:

Trostan Agnarsson, Birgitta Sveinsdóttir, Sólrun Jóna Ásgeirsdóttir, Sirrý Sif Sigurlaugardóttir, Friðrik Logi Haukstein Knútsson, Birna Valdimarsdóttir, Halldór Stefánsson, Gunnar Sigurðsson, Íris Olga Lúðvíksdóttir og Kristvina Gísladóttir.

Ráðið fundaði sex sinnum á árinu til þess að fara yfir ýmis málefni skólasamfélagsins. Fyrsta verk ráðsins að hausti er að fara yfir starfsáætlun og helstu tölur um nemendafjölda, fjölda í frístund og möguleika á tómstundastarfi. Auk þess var rætt um tæknina og nýtingu gervigreindar í skólastarfi og loks um kosti og galla einkunnakerfa.

Á næsta fundi var einkum rætt um endurskoðað greinasvið aðalnámskrár og helstu áherslubreytingar sem fyrirsjáanlegar eru.

Á þriðja fundi skólaársins var rætt um tölur, annars vegar að veruleg þörf væri á viðhaldi skólahúsnæðis og svo var í framhaldi skoðaður samanburður á rekstrarkostnaði skóla á landinu. Þá var og fjallað um nýtingu skýjalausna í skólastarfi og hvernig slíkar tækninýjungar gætu einfaldað daglegt starf.

Á fjórða fundi var rætt um gervigreind og um nemendagrunninn Frigg sem ætlaður er til utanumhalds á skólastarfi fyrir hið opinbera. Þar á að vista öll gögn og að geyma sögu um námsárangur.

Á fimmta fundi var skóladagatal næsta vetrar tekið fyrir og samþykkt. Einnig var farið yfir það hvaða viðhaldi hefur verið sinnt á skólaárinu.

Á sjötta og síðasta fundi vetrar var fjallað um samstarf íþróttafélaga um íþróttæfingar og í framhaldi var rætt um sýnileika skólastarfs í samfélaginu.

Fundargerðir skólaráðs má nálgast á heimasíðu Varmahlíðarskóla.

Trostan Agnarsson

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Árshátíð unglingastigs: Frelsi

Þó nokkurn tíma tók að velja handrit þó ekki vantaði uppástungur:

Að endingu varð Frelsi fyrir valinu eftir smá pressu frá undirritaðri, aðallega vegna þess að þar var allt klárt - handrit, tónlist, textar. Samband var haft við handritshöfunda og settu þeir upp leyfi fyrir kr. 50.000.

Í vetur voru nemendur 10. bekkjar í svokölluðu Árshátíðarvali, tveim kennslustundum á miðvikudögum sem var bundið val.. Á þeim tíma fór fram allskyns undirbúningur s.s. textavinna, búningaskipulag, markaðssetning (sem Arnar Logi sá alfarið um) og leiklistaræfingar.

Nánast allir fóru í söngprufur en örfáir í leiklistaprufur. Söngprufurnar gögnuðust mjög vel.

Handrit voru komin til leikara í byrjun nóvember.

Nemendur fóru af stað í að semja dansa í nóvember og desember en það gekk óvenju hægt þetta árið. Stelpurnar í 9. bekk lögðu sitt af mörkum með 10. bekkjarstelpunum. 8. bekkingar sömdu sinn dans í Andalaginu. Að vanda aðstoðaði Inga danskennari eftir bestu getu.

Æfingar í Miðgarði tókust ágætlega, nemendur höfðu flestallir lært línurnar sínar sem gerir allar æfingar léttari.

Leit að búningum fyrir allar persónur gekk að endingu upp en stóð heldur tæpt. Væri frábært að geta afgreitt þá fyrr!

Sýningin tókst sérlega vel. Formaður nemendaráðs lagði mjög ákveðnar línur með að fólk hefði hemil á börnum sínum og héldi ró í salnum.

Heldur færri áhorfendur voru en Varmhíðingar eru vanir.

Árni Gunnarsson tók upp sýninguna.

Íris Olga Lúðvíksdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Stóra upplestrarkeppnin 2025

Undirbúningur keppninnar hófst á degi íslenskrar tungu 16. nóvember með þátttöku nemenda á tónleikum Kammerkórs Skagafjarðar. Dagskráin að þessu sinni voru verk eftir Hallgrím Pétursson og fluttu nemendur ljóð hans mikilli þrýði en kórinn söng þau einnig.

Undirbúningur var í höndum Sigrúnar Benediktsdóttur en einnig kom Helga Sigurðardóttir að honum. Hann fór að mestu fram í skólanum en einnig æfðu nemendur sig heima.

Undankeppni fór fram þriðjudaginn 12. mars í Varmahlíðarskóla. Nemendur stóðu sig allir með mikilli þrýði en þeir nemendur sem báru sigur úr býtum voru þau Rebekka Ósk Smáradóttir, Birta Lind Björnsdóttir og Sigríður Elva Elvarsdóttir en til vara var Þormóður Jón Benediktsson.

Keppnin fór fram í stofu 22 þar sem byggingarframkvæmdir stóðu yfir fyrir utan setustofuna.

Tilgangur keppninnar er að efla áhuga og færni nemenda í upplestri og bókmenntum. Nemendur æfðu upplestur af miklum móð í allan vetur en í keppninni lásu þeir upp texta og ljóð að eigin vali.

Dómarar keppninnar voru þau Gunnar Rögnvaldsson, Guðrún Helga Jónsdóttir og Helga Sjöfn Helgadóttir.

Lokahátíðin fór fram 25. mars í Bóknámshúsi Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

þar sem fulltrúar grunnskóla Skagafjarðar kepptu til úrslita og þar hrepptu þær Rebekka Ósk fyrsta sætið og Birta Lind það þriðja.

Skáld keppninnar var Hjalti Halldórsson auk fjölda ljóðskálda.

Sigrún Ben

Litla upplestrarkeppnin 2025

Strax að árshátíð lokinni var farið að æfa fyrir Litlu upplestrarkeppnina. Markmið keppninnar er að bæta árangur í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu og lögð er áhersla á virðingu og vandvirkni í samvinnu við foreldra og má með sanni segja að nemendur og foreldrar/forsjáraðilar 4. bekkjar hafi uppfyllt þau markmið. Umsjónarkennari hélt utan um æfingar en lögð var rík áhersla á að nemendur æfðu sig heima. Æft var í skóla daglega, og þrátt fyrir að skíðaferð nemenda hafi haft áhrif á æfingar, þá small þetta saman á endanum.

Nemendur fengu um það að segja hversu mikið hver og einn myndi lesa, þótt allir þyrftu að lesa eitthvað. Nær allir nemendur hefðu viljað lesa meira!

Hátíðin var síðan haldin í setustofu Varmahlíðarskóla 8. apríl. Höfðu nemendur 4. bekkjar einnig undirbúið veitingar í heimilisfræði daginn áður svo gestir gátu gætt sér á góðu bakkelsi, kaffi og safa eftir upplesturinn. Allir nemendur stóðu sig þrýðilega og fannst þeim verkefnið mjög skemmtilegt.

Hrund Malín Þorgeirsdóttir

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Vorferð 1. - 4. bekkjar á Blönduós 2025

Að þessu sinni fóru nemendur 1. - 4. bekkjar, á Blönduós í vorferð. Hópurinn taldi 42 nemendur og 5 starfsmenn. Við vorum einstaklega heppin með veður þennan dag, sólskin og hiti. Við hófum daginn í bekkjarstofum þar sem farið var yfir dagskrá dagsins. Þá var farið í morgunmat. Allir voru komnir um borð í rútuna um kl. 9:00 og þá var lagt af stað. Fyrsti viðkomustaður á Blönduósi var Kvenfélagsgarðurinn, þangað vorum við komin rétt um kl. 10. Þar var farið í alls konar leiki, en við tókum með okkur sippubönd, bolta og fleira útidót til að leika með. Um kl. 10:30 gengum við sem leið á að grunnskólanum, Húnaskóla. Þar höfðum við fengið leyfi til að leika okkur á skólalóðinni. Krakkarnir skemmtu sér mjög vel í hinum ýmsu leiktækjum, á hoppubelg, í aparólu, kastalanum, fótbolta og fleiru. Við lékum þarna innan um nemendur Húnaskóla sem og nemendur Brekkubæjarskóla, sem einnig voru á skólaferðalagi. Samskipti allra þessa barna fóru fram með besta hætti. Eftir leik á skólavellinum, klukkan rúmlega 11, var tekin nestispása á bak við Kjörbúðina. Við höfðum farið og verslað ávexti og kex í Kjörbúðinni og börnin voru með vatnsbrúsa sem þeir fylltu á staðnum. Var þetta einstaklega gott og frískandi í blíðunni. Næst lá leiðin í sundlaugina, þangað sem við vorum mætt kl. 11:30. Þar sem enginn karlmaður fylgdi hópnum héðan, fengum við starfsmann til að fylgja strákunum í gegnum klefa. Það er skemmst frá því að segja, að sundferðin gekk í alla staði vel og skemmtu allir sér hið besta. Eftir sundferðina, voru allir orðnir svangir og var því gott að rölta upp á N1 sjoppuna. Þar höfðum við fengið frábært tilboð í pizzu og ís handa hópnum. Klukkan 13 var allur hópurinn sestur við borð inni á sjoppu, slakaði á og naut matarins. Ákaflega vel heppnaðri ferð lauk svo heima í Varmahlíð rétt fyrir klukkan 15. Við mælum eindregið með að ferð á Blönduós verði fastur liður í vorferðum með nemendur á yngsta stigi.

Skólaferðalag til Blönduóss miðvikudaginn 21. maí 2025

1.- 4. bekkur, 42 nemendur (5 starfsmenn)

Grunnskólinn Blönduósi thorhalla@hunaskoli.is Leyfi fyrir því að leika á skólalóðinni.

Sundlaugin Blönduósi - 350 kr fyrir barn og 1500 kr fyrir fullorðinn.

N1 - ís og pizza. 12 16" pizzur með skinku og osti á 2200 kr stykkið og ís á 300 kr á mann.

8:15 Morgunmatur í skólanum
9:00 Lagt af stað frá Varmahlíð
9:45 Kvenfélagsgarðurinn á Blönduósi - leikir
10:30 Leiktæki við grunnskólann
- skjótast í búðina og versla ávexti og kex
11:30 Sund - fá fylgd í strákaklefan
13:00 Pizza og ís á N1 - borðum inni
13:50 Heimferð
14:30 Heim í Varmahlíð

Taka með sippubönd, bolta, (til að leika með úti)
Nesti: Kex og ávextir (verslað á Blönduósi)

Birgitta Sveinsdóttir, Helga Sjöfn Pétur



Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Vorferð 5 og 6. bekkjar 26. og 27. maí

Í þetta skiptið var ákveðið að tveir árgangar færu saman í hjólaferð í Heiðarland, gangnamannakofa Blöndhlíðinga en hann er staðsettur við rætur Öxnadalshéiðar að vestan. Farið var á mánudegi eftir hádegisverð. Rúturnar voru mættar í skólann klukkan 12:00. Lagt var af stað rúmlega 12:00 frá Varmahlíðarskóla og ekið sem leið lá að Skeljungshöfða sem er rétt við afleggjarann á Kjálka. Tvær rútur voru með í för, önnur flutti nemendur og starfsfólk en hin flutti hluta af hjólunum. Einnig var bíll sem fylgdi alla leið með kerru til að taka nemendur og hjól upp í á leiðinni og flytja vistir í skálann. Við Skeljungshöfðann lögðu allir af stað og var hjólað eftir gamla þjóðveginum með stoppi við Kotagil. Þar fengu allir sér næringu, samlokur, kex og safa.



Þegar þessu var lokið var stefnan sett á Heiðarlandsskála. Nokkur mótvindur var og því gekk ferðin nokkuð hægt á leiðinni frameftir. Þegar þangað var komið um kl. 16 var svefnloftið kannað og svo farið í leiki úti og inni. Um kvöldið var gripið í margskonar spil auk þess að ærslast á svefnloftinu. Sex nemendur voru sóttir, treystu sér ekki til að gista en flestir af þeim fóru löngu fyrir svefntíma. Nokkuð vel gekk að koma nemendum í ró fyrir svefninn. Nemendur fengu að hafa síma með sér til að hlusta fyrir háttinn og einnig að taka myndir. Nemendum var bent á að nota ekki símann án leyfis en einhverjir fengu að heyra í foreldrum fyrir svefninn.

Nemendur voru flestir vaknaðir um 8:00 og fóru að tína niður á milli átta og hálf níu í morgunverð. Lagt var af stað um 9:15 en þá var búið var að ganga frá skála og koma farangri í bíla.

Hjólaferðin niður tók rúma klukkustund.

Þegar komið var í Varmahlíðarskóla um klukkan 11:00 fóru nemendur að hjóla við skólann og síðan í hádegismat. Ekið var heim kl. 12:00.

Mikilvægt er að ræða vel við börnin um klæðnað áður en lagt er af stað og fara yfir með hverjum og einum, alls ekki víðar buxur, vera í úlpu, með vettlinga og hjálm.

Kristvina og Unnur Erla hjóluðu með nemendum, Helga Sig. var gangandi og Guðmundur var á bílnum sem tók upp í þá sem þurftu hvíld. Unnur Erla og Helga gistu með nemendum en Kristvina fór heim eftir hjólatúrinn.

Helga Sig., Unnur Erla og Kristvina

Vorskýrsla Varmahlíðarskóla 2025

Skólaferðalag 7. - 9. bekkjar

Líkt og mörg undanfarin ár komst Varmahlíðarskóli áfram til úrslitakeppni í Skólahreysti í Reykjavík. Var því ákveðið, líkt og síðasta ár, að fara með nemendur 7.-9. bekkjar í skólaferðalag til að nýta ferðina suður. Að þessu sinni bættist 10.bekkurinn við þar sem hann var svo á leið til Danmerkur eftir helgina.

Lagt var af stað frá Varmahlíðarskóla um kl. 10.00 laugardaginn 24. maí. Eftir mikið stímabrak og bras við töskur, nesti og annan farangur var hægt að leggja af stað.

Fyrsta pissustopp var í Staðarskála en þaðan var svo ekið í svokallaðan Daníelslund skammt frá Hreðavatni, þar sem borðaður var hádegismatur, grillaðar pylsur og meðlæti.

Þá var ekið til Mosfellsbæjar og farið í sund í Lágafellslaug; prýðileg laug með rennibrautum og heitum pottum, gufum og sánum við allra hæfi.

Eftir sundið voru keilutaktarnir rifjaðir upp ásamt því að sporðrenna ókjörum af pizzu og gosi. Eftir það var haldið á Skólahreysti í íþróttahús Mosfellsbæjar þar sem við tók stuð og stemning undir dyggri og góðri stjórn Jónsa í svörtum fötum - og uppskáru Varmhlíðingar þriðja sætið - við mikinn fögnuð.

Gistum við í Snælandsskóla í Kópavogi - aðstaða ágæt og næturfriður með allra besta móti.

Að morgni 25. maí var haldið út á Granda í svokallað Flyover Iceland - góð skemmtun.

Þaðan var haldið í örstutt stopp í Kolaportinu og svo haldið í Smáralind þar sem við tók Lasertag og skemmtigarður með allskyns afþreyingu - ásamt því að nemendur keyptu sér eitt og annað smálegt og bráðnauðsynlegt. Að þessu loknu hélt 7.-9. bekkur heim á leið en 10. bekkur hélt í Kringluna ofl. eins og lesa má um í skýrslu um Danmerkurferð 10.bekkjara fyrir árið 2025

Heimkoma með stoppi í Staðarskála um kl. 20.18.

Mælt var að ferðin hefði í alla staði tekist með ágætum.

*Ólafur Atli Sindrason, Helga Rós Sigfúsdóttir, Anna Lilja Guðmundsdóttir,
Sif Káradóttir, Sigurlína Einarsdóttir, Kristvina Gísladóttir.*